

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2007/EES/31/09

frá 29. mars 2004

þar sem Tékklandi, Eistlandi, Litháen, Ungverjalandi, Póllandi og Slóvakíu er heimilað að fresta beitingu tiltekinna ákvæða tilskipana ráðsins 2002/53/EB og 2002/55/EB að því er varðar markaðssetningu á fræi tiltekinna yrkja (\*)

(tilkynnt með númeri C(2004) 962)

(2004/297/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjaland, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu, einkum 3. mgr. 2. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjaland, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu, einkum 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 42. gr. aðildarlaganna má framkvæmdastjórnin samþykkja bráðabirgðaráðstafanir ef þær bráðabirgðaráðstafanir eru nauðsynlegar til að auðvelda breytinguna frá núgildandi fyrirkomulagi í nýju aðildarríkjunum yfir í það fyrirkomulag sem er afleiðing af beitingu dýraheilbrigðis- og plöntuheilbrigðisreglna Bandalagsins. Þessar reglur ná yfir reglur um markaðssetningu fræja.

2) Í tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði (1) og tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs (2) er kveðið á um að fræ af yrkjum plöntutegunda, sem falla undir ákvæði tilskipana sem um getur í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/53/EB eða undir b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/55/EB, megi aðeins markaðssetja að uppfylltum kröfum 1. mgr. 4 gr. og 7. gr. og 11. gr. þessara tveggja tilskipana.

3) Banna þyrfti markaðssetningu fræs tiltekinna yrkja í Tékklandi, Eistlandi, Litháen, Ungverjalandi, Póllandi og Slóvakíu frá og með aðildardeginum, nema veita megi undanþágu frá viðkomandi ákvæðum.

4) Til að tryggja að yrkin sem um er að ræða hafi verið samþykkt í samræmi við meginreglurnar í kerfi Bandalagsins þykir rétt að heimila þessum löndum að fresta beitingu tilskipana 2002/EB og 2005/55/EB í þrjú ár eftir aðildardaginn að því er varðar markaðssetningu á yfirráðasvæðum þeirra á fræi yrkja sem eru á skrá hjá þeim, svo að þeim sé kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við aðrar meginreglur en þær sem um getur í framangreindum tilskipunum.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og plöntur í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Undanþága frá 1. mgr. 4. gr. og 7. og 11. gr. tilskipana 2002/53/EB og 2005/55/EB heimilar Tékklandi, Eistlandi, Litháen, Ungverjalandi, Póllandi og Slóvakíu að fresta beitingu framangreindra tilskipana í þrjú ár frá og með aðildardeginum að því er varðar markaðssetningu á yfirráðasvæðum þeirra á fræi þeirra yrkja sem skráð eru í innlendar skrár yfir yrki nytjajurta í landbúnaði og yrki matjurta og grænmetistegunda sem ekki hafa verið opinberlega samþykkt í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 97, 1.4.2004, bls. 66. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2004 frá 29. október 2004 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20, 21.4.2005, bls. 4.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1829/2003 (Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 1).

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1829/2003.

Á því tímabili skal aðeins markaðssetja slík fræ innan yfirráðasvæðis viðkomandi aðildarríkja. Greinilega skal tekið fram á hverjum merkimiða eða skjali, opinberu eða annars konar, sem er fest á eða fylgir með framleiðslueiningu fræsins, samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, að fræið sé einungis ætlað til markaðssetningar á yfirráðasvæði viðkomandi lands.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir með fyrirvara um gildistöku aðildarsáttmálans og frá og með þeim degi sem aðildarsáttmáli Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu, öðlast gildi.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. mars 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
David BYRNE  
framkvæmdastjóri.